

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 16. 14. apríl 2023

Fundarstaður: Fjarfundur með teams, kl. 17:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Páll Baldursson verkefnastjóri Austurbrú.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2022
2. Yfirlit yfir rekstur 2020-2022
3. Staða sjóðsins
4. Úthlutun 2023
5. Ársfundur 2023
6. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Ársreikningur 2022

Lagður var fram ársreikningur Samfélagssjóðs Fljótsdals fyrir árið 2022 unnin af KPMG. Að lokinni yfirferð og umræðum um reikninginn var ársreikningur Samfélagssjóðs 2022 borinn upp til samþykktar. Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og mun staðfesta hann formlega með rafrænni undirritun.

Helstu niðurstöður:

Gjöld: Úthlutaðir styrkir 2022: 12.050.000,- Laun og launatengd gjöld: 787.868,- og annar

rekstrarkostnaður: 274.150,-

Tekjur: Úthlutaðir styrkir sem hafa verið felldir niður: 2.973.959,-

Rekstrarniðurstaða ársins: -12.672.691,-

Eignir sjóðsins í árslok: 34.648.124,-

Skuldir (styrkloforð): 4.875.000,-

Eigið fé í árslok: 29.773.124,-

2. Yfirlit yfir rekstur 2020-2022

Samfélagssjóðurinn hefur nú verið starfræktur í 3 rekstrarár. Lagt var fram til kynningar samandregið rekstraryfirlit fyrir öll rekstrarárin.

3. Staða sjóðsins

Framhald umræðu af síðasta fundi stjórnar um framtíð sjóðsins. Farið var yfir hvaða kröfur þarf að uppfylla annars vegar ef niðurstaðan er að fara í formlegt niðurlagningarferli eða hins vegar ef ákveðið verði að fara í breytingar á samþykktum.

Að loknum umræðum var samþykkt að fara í vinnu við að breyta samþykktum sjóðsins. Þar verði aðallega horft til að breyta þeirri kvöð um að úthluta skuli amk. einu sinni á ári, ásamt því að endurskoða það hver heildarfjárhæð styrkja getur verið, en samkvæmt gildandi samþykktum má hún ekki vera hærrí en 25% af eigið fé eins og það stóð í árslok árið á undan. Jafnframt verði horft til að milda ákvæðið um fulla endurskoðun.

4. Úthlutun 2023

Samkvæmt óbreyttum samþykktum sjóðsins er hægt að úthluta í ár um 7,5 mkr. eða 25% af eigið fé sjóðsins eins og það var í árslok 2022.

Stjórn samþykkir að stefna á úthlutun nú í vor og til úthlutunar verði 7,5 mkr.

Verkefnastjóra falið að koma umsóknarferli í gang og uppfæra umsóknargögn.

5. Ársfundur 2023

Samþykkt að ársfundur samfélagssjóðs verði haldinn í Végarði 28. apríl kl. 15:00.

Formanni og verkefnastjóra falið að auglýsa fundinn.

4. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki, fundi slitið 18:50

Fundargerð ritaði Páll Baldursson

Undirritun fundargerðar: